

Frumvarpsdrög. Veiðigjald, 144. Mál. Fyrir hönd Samtaka eigenda sjávarjarða mæta, Bjarni M. Jónsson og Björn Erlendsson, stjórnarmenn.

Fundur með Lilju Rafney formanni atvinnuveganefndar, Austurstræti 8-10 kl. 14:40.

## Áherslupunktur:

### Netlög jarða sem eiga land að sjó.

Netlög kallast sá hluti jarða sem land eiga að sjó og ná út í sjóinn. Eins og á við um annað land jarða þá eru netlög skilgreind sem eign og varin af stjórnarskrár og lögum.

*(72.gr. Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.)*

Sjávarjarðir eiga líka hlunnindi á jörðum sínum, þar með talinn er útræðisréttur sem einnig er varinn af stjórnarskrá Íslendinga sem eignar- og atvinnuréttur.

## Lagastoð:

Jónsbókarlög „Kap. 2. Um viðreka ok veiði fyrir útan netlög“. Þar eru netlög miðuð við dýpi sjávar eða **6,88 metrar** á stórstraumsfjöru. Netlagaskilgreining Jónsbókar á við meðal annars fiskaveiðar, hvali og **sjávargróður**.

Í Tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849, segir:

3. gr. „Á landi skulu veiði ráða rétt landamerki jarðar hverrar. Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60 faðma (eða 115 metra) frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans.“

21. gr. „Með þessari tilskipun er allt það af tekið, sem lög hafa verið hingað til um **fuglveiði og dýraveiði og selveiði**, en allar greinar laganna um fiskveiði, sem ekki er breytt í þessari tilskipun, og um hvalveiði skulu fyrst um sinn standa óraskaðar.“

(21. greinin var tekin burtu í „lagahreinsun“ fyrir nokkrum árum og enginn veit hver það um það)

Við vísum einnig í álit og viðurkenningu Mannréttindadómstóls Evrópu hvað viðvíkur eignarréttindum sjávarjarða.

## Frumvarpið:

Í 8. gr. frumvarpsins, sérákvæði, er talað um auðlindagjald af sjávargróðri. Sjávargróður vex að mestu leiti innan netlaga sjávarjarða en þau ná út á 6,88 metra dýpi á stórstraumsfjöru (Jónsbók 1281).

8. gr. þarf að skýra betur með eignarétt í netlögum í huga. Ekki þurfa landeigendur að greiða auðlindagjald af grasi á túnum sínum og því ætti sama að gilda um sjávargróður í netlögum sem eru hluti landareingar sjávarjarða og oftast í einkaeign.

Einnig verður að skilgreina „veiðarnar“ á sjávargróðrinum betur þar sem ríkisvaldið hefur enga heimild til að leyfa þær „veiðar“ innan netlaga sjávarjarða, ekki frekar en að leyfa veiðar á nytjastofnum þar, nema á þeim jörðum sem ríkið á sjálf.

Í rekaþætti Jónsbókar segir „En það eru netlög yst er selnót stendur grunn tuttugu möskva djúp að fjöru og komi þá flár upp úr sjó.“

Þetta þýðir að landamerki sjávarjarða út í sjóinn nær út á sama dýpi og 20 möskva selnet afmarkar ef það er í sjó og stendur með sökkurnar á botninum og flotholtin fljótandi á yfirborðinu á stórstraumsfjöru.

Hvernig er hægt að yfirfæra dýptarviðmiðið 20 selnets-möskva í metrakerfið?

Samkvæmt rannsóknum dr. Ole Lindquist (1994), má þakka Páli Vídalín lögmanni (1667-1727) fyrir að það er mjög auðvelt því hann hefur nú þegar leyst þessa gátu. Hann útskýrir að „selanótar-möskvi sé þá hæfilegur, er han má komast yfir mannshöfuð niður að eyrum; svo hefir að fornu verið, og svo er enn.“ Það er um 60 cm að ummáli.

Páll nefnir að í Jónsbókarhandriti standi eftirfarandi:

„Þat eru netlög utaz, er selnót stendur grunn 20 möskva djúp ath fjöru, oc komi þá flár uppúr sjó, þat er fjöggra faðma djúp.“

og í öðru stendur

„Það eru netlög utarst, er selnet stendur grunn 20 möskva djúp að fjöru sjóar, og koma þá flár uppúr sjó, en það er 12 álna djúp að fjöru.“

Samkvæmt skýringum Páls lögmanns gefa 12 álnir eða 4 faðmar sömu niðurstöðu (57,3 cm × 12 =) 6,88 m. Ystu mörk netlaga samkvæmt Jónsbók er því við 7 m dýpi á stórstraumsfjöru.

Í Þingbókum alþingis frá 1847 til 1849 má lesa umræður þingmanna um frumvarp veiðitilskipunarinnar. Þar kemur meðal annars fram mjög skýrt að stuðst er við þýðingu úr dönskum lögum og að danska orðið „Jagt“ vefst fyrir mönnum þar sem það þýðir í Danmörku veiðar á fuglum og dýrum en ekki fiskum, en íslenska orðið „veiði“ þýðir allar veiðar þ.e. bæði fugla, dýra og fiskveiðar. Einmitt vegna þessa var ákveðið að bæta við 21. gr. til þess að taka af allan vafa um að veiðitilskipunin frá 20. júní 1849 gildi alls ekki um fiskveiðar í netlögum og að þar sé Jónsbók enn í fullu gildi. Þar með verður stærð netlaga varðandi fiskveiðar að miðast við dýpt.

Jónsbókarákvæðið sem segir „En það eru netlög yst er selnót stendur grunn tuttugu möskva djúp að fjöru og komi þá flár upp úr sjó“ hefur verið sleppt úr Jónsbókartexta núverandi lagasafns án lagabreytinga. Einnig var 21. gr. laga frá 20. júní 1849 feld út með lögnum nr. 116/1990.

Eftir stendur að augljóst er að miða á fiskveiðar í netlögum við dýptarviðmiðið. Skilgreining Páls Vídalín um dýpt selneta annað hvort 4 faðmar eða 12 álnir er það sem á að miða við og í metrakerfinu eru það 6,88 m.

Stjórnskipuleg vernd fiskveiðiréttar sjávarjarða.

Skúli Magnússon lektor við lagadeild Háskóla Íslands vann í september árið 2001 álit að beiðni nefndar um enduskoðun laga um stjórn fiskveiða, um stjórnskipulega vernd fiskveiðiréttar sjávarjarða.

Í álit Skúla á bls. 8 er eftirfarandi niðurstaða:[1]

„Samkvæmt framangreindu er ótvírætt að við ákvörðun netlaga með hliðsjón af fiskveiðirétti landeiganda ber að miða við dýptarreglu Jónsbókar, en ekki fjarlægðarreglu veiðitilskipunarinnar og síðari laga. Hvað varðar ýmis önnur mikilvæg réttindi landeiganda innan netlaga gildir hins vegar

almennt reglan um 115 metra frá stórstraumsfjörumáli. Samkvæmt framangreindu ber að afmarka netlög sjávarjarðar með hliðsjón af fiskveiðirétti samkvæmt reglu 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.”

[1] Skúli Magnússon, lektor, lagadeild Háskóla Íslands. Um stjórnskipulega vernd fiskveiðiréttar sjávarjarða. Álit unnið að beiðni nefndar um enduskoðun laga um stjórn fiskveiða í september 2001.